

Ed.

115. Frumvarp til laga

[111. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

Í stað 2. – 6. mgr. 4. gr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Um meðferð áfengis í skipi er kemur frá útlöndum, vörslu þess eða innsiglun, fer samkvæmt ákvæðum laga um tollheimtu og tolleftirlit.

2. gr.

2. mgr. 6. gr. falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .

Frumvarp þetta er samhljóða frumvarpi, sem flutt var á síðasta Alþingi, en varð þá eigi útrætt. Er frumvarpið flutt til samræmis við breytingar á lögum um tollheimtu og tolleftirlit, sem samþykktar voru með lögum nr. 46/1984. Var þá breytt reglum um meðferð varnings í skipum og öðrum farkostum er til landsins koma, þannig að ekki er skyld að innsigla tollskyldan varning, sem er umfram það sem heimilt er að hafa til frjálsra afnota. Er þess í stað lögð á skipstjóra skylda til að setja slíkan varning undir láss, og afhenda tollgæslu skrá yfir varninginn. Með ákvæði 1. gr. er lagt til að um áfengi gildi sams konar reglur og um annan tollskyldan varning samkvæmt lögum um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. 25. gr. þeirra laga.

Með 2. gr. þessa frumvarps er lagt til að fellt verði úr gildi sérákvæði 2. mgr. 6. gr. áfengislaga um víðáttu landhelgi. Er landhelgi þar ákveðin 4 sjómílur frá stórstraumsfjörborði. Með breytingunni verður landhelgin samkvæmt áfengislögum hin sama og ákveðin er í lögum nr. 41/1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, þ. e. 12 sjómílur frá grunnlínu, sem dregin er milli ystu annesja, eyja og skerja og þvert fyrir mynni flóa og fjarða. Samkvæmt lögum um tollheimtu og tolleftirlit, eins og þeim var breytt á síðasta Alþingi, fylgir tollalögsagan nú landhelgi.